

eða two klukkutíma kom Agassiz litli aftur með fiskinn og sagð-
ist vera búinn. „Hvað hefurðu lært?“ — spurði kennarinn.
Agassiz segir það. Skýrir frá því, hvernig uggunum sé raðað
niður og hreistrinu og öðru þesskonar, sem hann hafði veitt eft-
irtekt. Kennarinn skipar honum að fara aftur með fiskinn og
rannsaka hann, en gefur honum engar leiðbeiningar. Agassiz
gerir það. Og er nú með fiskinn til næsta dags, sker hann upp
og rannsakar líffærin. Fer svo með hann til kennarans og segir
honum, hvað hann sé búinn að læra. Kennarinn skipar honum
enn þá einu sinni að fara með fiskinn og rannsaka hann. Agassiz
gerir það. Og nú rannsakar hann beinin, sker jafnvel inn í
þau og rannsakar merginn. Þegar hann svo næsta dag kemur
með fiskinn aftur til kennarans og segir honum frá því, sem
hann nú sé búinn að læra, þá segir kennarinn við hann: „Það
er vel gert, drengur minn!“

Agassiz var vísindamaður, sem var ákaflega nákvæmur og
reglubundinn í öllum rannsóknum sínum, enda var hann einn
hinna mestu og bestu náttúrufræðinga heimsins. Og byrjunin til
þess, sem hann varð, var nú einmitt aðallega þetta, sem sagan
skýrði frá.

Hver maður, sem komist hefir nokkuð talsvert áfram í
heiminum, í hvaða grein sem er, á það aðallega því að þakka, að
hann var viljugur að leggja hart á sig og lét sér ekki standa á
sama, hvernig hann gerði verkið sitt, en var vandlátur við sjálf-
an sig. Frægur söngmaður sagði einu sinni við þann, sem
þetta ritar: „Veistu það, að þegar eg gekk í söngskólan, þá
æfði eg mig oft 8 klukkustundir á dag.“

Hörð vínna? Já, vitanlega er hún hörd; en hver sem hefur
snefil af sál í sér, vill heldur leggja á sig og verða maður til
þess að vinna almennilega eitthvert verk, heldur en að vera
bögubósi alla æfi sína og mega svo við því búast, að sér verði
ekki trúð fyrir neinu almennilegu verki.

Ef í ykkur er sá rétti andi námsmannsins, þá eruð þið
þakklát fyrir, ef ykkur er sagt til og fundið er að við ykkur.
Veit eg það, að það særir ögn, ef fundið er að við menn, og
þykir ekki gott í bráðina. En vill sá, sem dálitið vit hefur, samt
ekki miklu heldur, að fundið sé að við hann, meðan hann er að
læra, heldur en að kunna ekki að gera neitt almennilega og verða
klaufi alla sína æfi, af því hann vildi ekki láta finna að við sig?

Dauða og gagnslausa límið á trjánum á að skera af til þess
að þau geti vaxið og borið ávöxt. Þegar komið er með „snið-